| 320 | 15.3.2011 | ZUCCA TRATTORIA 884300 | NEW YORK | 80 USD | 9.508 | Kortanotkun |
| 321 | 15.3.2011 | PAYPAL | USA | 25 USD | 2.969 | Kortanotkun |
| 322 | 15.3.2011 | PD O_HURLEYS 0031 | NEW YORK | 17 USD | 2.071 | Kortanotkun |
| 323 | 16.3.2011 | DISHES 0034 | NY | 10 USD | 1.253 | Kortanotkun |
| 324 | 16.3.2011 | PIONEER #51 | NEW YORK | 17 USD | 2.118 | Kortanotkun |
| 325 | 16.3.2011 | FEDEX #868603466546 86 | MEMPHIS | 61 USD | 7.121 | Kortanotkun |
| 326 | 17.3.2011 | DONÖT TELL MAMA | NEW YORK | 129 USD | 15.194 | Kortanotkun |
| 327 | 17.3.2011 | PIG N WHISTLE ON 3RD 6 | NEW YORK | 254 USD | 29.861 | Kortanotkun |
| 328 | 18.3.2011 | NYC TAXI MED 3V17 0900 | WOODSIDE | 10 USD | 1.281 | Kortanotkun |
| 329 | 18.3.2011 | ALL TAXI MANAGAMENT IN | LONG ISLAND C | 11 USD | 1.391 | Kortanotkun |

| | | | | | | |
|-----|-----------|------------------------|----------|--------------------|-------------------|-------------|
| 330 | 18.3.2011 | HUGO BOSS SOHO 134 HUG | NEW YORK | 146 USD | 17.077 | Kortanotkun |
| 331 | 18.3.2011 | 260COLUMBUS AVE | N.Y.C. | 63 USD | 7.392 | Kortanotkun |
| 332 | 19.3.2011 | 373 LENOX AVE | NEW YORK | 101 USD | 11.892 | Kortanotkun |
| 333 | 19.3.2011 | LE POISSON ROUGE | NEW YORK | 63 USD | 7.434 | Kortanotkun |
| 334 | 20.3.2011 | 106 7th Avenue | New York | 80 USD | 9.350 | Kortanotkun |
| 335 | 20.3.2011 | SEQUOIA NEW YORK-1 542 | NEW YORK | 51 USD | 5.934 | Kortanotkun |
| 336 | 21.3.2011 | 530 5TH AVE | NEW YORK | 303 USD | 35.412 | Kortanotkun |
| | | | | Samtals kr. | 19.412.025 | |

Framangreind háttsemi telst varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu Sjálfstæðisflokksins, kt. 000000-0000, er þess krafist að ákærði verði dæmdur til greiðslu bóta, samtals að fjárhæð kr. 19.412.025, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 20.559, frá 1. janúar 2009 til 1. febrúar 2009, af kr. 193.198, frá þeim degi til 1. mars 2009, af kr. 324.097 frá þeim degi til 1. apríl 2009, af kr. 282.343 frá þeim degi til 1. maí 2009, af kr. 1.847.610 frá þeim degi til 1. júní 2009, af kr. 927.151 frá þeim degi til 1. júlí 2009, af kr. 910.491 frá þeim degi til 1. ágúst 2009, af kr. 783.247 frá þeim degi til 1. september 2009, af kr. 1.394.925 frá þeim degi til 1. október 2009, af kr. 1.277.450 frá þeim degi til 1. nóvember 2009, af kr. 978.577 frá þeim degi til 1. desember 2009, af kr. 590.928 frá þeim degi til 1. janúar 2010, af kr. 580.247 frá þeim degi til 1. febrúar 2010, af kr. 796.748 frá þeim degi til 1. mars 2010, af kr. 1.374.908 frá þeim degi til 1. apríl 2010, af kr. 883.991 frá þeim degi til 1. maí 2010, af kr. 630.000 frá þeim degi til 1. júní 2010, af kr. 993.066 frá þeim degi til 1. júlí 2010, af kr. 643.815 frá þeim degi til 1. ágúst 2010, af kr. 724.140 frá þeim degi til 1. september 2010, af kr. 1.034.829 frá þeim degi til 1. október 2010, af kr. 715.500 frá þeim degi til 1. nóvember 2010, af kr. 681.554 frá þeim degi til 1. desember 2010, af kr. 600.000 frá þeim degi til 1. mars 2011, af kr. 222.651 frá þeim degi til 30. apríl 2011, þegar mánuður var liðinn frá því að kæra var lögð fram hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001, af kr. 19.412.025 til greiðsludags. Þá er þess krafist af hálfu Sjálfstæðisflokksins að ákærði greiði honum málskostnað að skaðlausu, samkvæmt framlögðum reikningum svo og síðar framlögðum málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts á þóknun. sýknaður.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður af kröfum ákærvalds, en til vara að honum verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa. Þá er þess aðallega krafist að bótakröfu verði vísað frá dómi, en til vara er krafist sýknu af bótakröfu, en til þrautavara að bætur verði stórlega lækkaðar. Loks krefst verjandi hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa, sem greiðist úr ríkissjóði.

Málsatvik

Í janúarmánuði 2008 var ákærði ráðinn til starfa sem ritari flokkahóps íhaldsmanna í Norðurlandaráði af þáverandi framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins. Sjálfstæðisflokkurinn tók við formennsku í hópnum í ársbyrjun 2009. Samhliða því voru fjármunir sem Norðurlandaráð hafði veitt til starfsemi hópsins fluttir á tvo gjaldeyrisreikninga, sem stofnaðir voru hér á landi á nafni og kennitölu flokksins, auk bankareiknings sem stofnaður var í íslenskum krónum. Ákærði fékk í hendur American Express kreditkort, sem einnig var skráð á Sjálfstæðisflokkinn, til notkunar vegna starfa sinna á vegum íhaldshópsins. Með bréfi framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglu stjóra, dagsettu 30. mars 2011, var óskað rannsóknar vegna meintra auðgunarbrot ákærða. Í kæru kemur fram að við athugun á bókhaldsgögnum og bankareikningum íhaldshópsins í janúar það ár hafi vaknað grunur um að ákærði hefði misnotað aðstöðu sína og dregið sér fé af framangreindum bankareikningum, auk þess að falsa bókhaldsgögn. Hefði ákærði misnotað kreditkortid sem hann hafði til umráða og notað það til kaupa á ýmsum varningi og þjónustu, auk umfangsmikilla peninga úttekta, sem á engan hátt tengdist starfi eða verkefnum hans fyrir íhaldshópinn. Þá kemur fram í gögnum málsins að rannsókn löggilts endurskoðanda á bókhaldi starfshópsins hafi leitt í ljós að ekki væru fylgiskjöl til skýringar á kostnaði að fjárhæð 19.350.566 krónur, sem greiddur hefði verið með kreditkortinu.

Ákærði var yfirheyrður af starfsmönnum Sérstaks saksóknara 22. og 23. nóvember 2011 og 20. nóvember 2012. Voru þá borin undir hann yfirlit um notkun kreditkortsins og hann spurður um einstakar færslur. Hann kom fyrir dóm 5. mars sl. og neitaði sök í málinu.

Við aðalmeðferð málsins greindi ákærði svo frá að í janúar 2008 hefði Andri Óttarsson, þáverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, boðið honum stöðu ritara flokkahóps íhaldsmanna í Norðurlandaráði. Ákærði gerði grein fyrir starfsemi íhaldshópsins, sem skipaður sé þingmönnum íhaldssamra stjórnmalaflokka á Norðurlöndum. Jafnframt sé um að ræða flokkasamstarf, en framkvæmdastjórar flokkanna fundi reglulega til að skipuleggja starfsemina. Hann kvað Andra hafa sagt sér að Sjálfstæðisflokkurinn hygðist taka að sér formennsku hópsins árið 2009. Því þyrfti að ráða starfsmann til að gegna stöðu ritara hópsins í 30% starfshlutfalli árið 2008, 70% starfshlutfalli frá janúar 2009, en síðan í 30% starfshlutfalli árið 2010. Ákærði kvað Andra jafnframt hafa gert honum grein fyrir því að gert væri ráð fyrir að hann gegndi jafnframt ýmsum starfsskyldum á skrifstofu Sjálfstæðisflokksins.

Ákærði kvaðst í upphafi hafa fengið Visa-kreditkort frá Sjálfstæðisflokknum til að standa straum af kostnaði við störf sín fyrir íhaldshópinn. Þegar

Sjálfstæðisflokkurinn tók við formennsku í hópnum í byrjun árs 2009 hefði hann hins vegar fengið American-Express kreditkort til að standa straum af kostnaðinum. Ákærði viðurkenndi að hafa notað kreditkortinu til að standa straum af öðrum útgjöldum sem voru hópnum óviðkomandi, svo sem í ákæru greinir, einkum til að greiða kostnað vegna starfsemi Democrat Youth Community of Europe, DEMYC, en ákærði hafði sótt fundi þeirra samtaka á vegum Sambands ungra sjálfstæðismanna og var kjörinn formaður þeirra árið 2008. Ákærði kvaðst hafa talið sig hafa fulla heimild til að nota greiðslukortinu með þessum hætti. Hann hefði notað Visa-kreditkortinu til að greiða ýmsan kostnað sem var óviðkomandi íhaldshópnum og hefðu ekki verið gerðar athugasemdir við það af hálfu skrifstofu Sjálfstæðisflokksins. Þá hefði hann talið að starfsmaður Sjálfstæðisflokksins, Petrea Ingibjörg Jónsdóttir, hefði vitað að hann notaði kreditkortinu með þessum hætti. Reikningar vegna notkunar á kortinu hefðu borist inn á borð hennar og hefði hún greitt þá. Þau hefðu líka oft átt óformlegt spjall um þessi mál. Kvaðst ákærði líta svo á að Petrea gæti veitt honum heimild til að nota kortinu með þeim hætti sem hann gerði, en hún hafi verið eiginlegur fjármálastjóri flokksins og í raun rekið flokkinn á þessum tíma. Ákærði kvaðst hafa talið sig vera starfsmann Sjálfstæðisflokksins og litið á framkvæmdastjóra flokksins sem yfirmann sinn. Hann hefði hins vegar talið Petreu vera næsta yfirmann sinn.

Ákærði var spurður um drög að starfsreglum íhaldshópsins, sem liggja fyrir í málinu, og kvaðst hann þekkja til þeirra. Með reglunum hefði verið ætlunin að festa ýmsa venjubundna starfshætti í sessi, t.d. um ábyrgð framkvæmdastjóra þess flokks er fer með formennsku hverju sinni á meðferð fjármuna hópsins. Samþykkt hefði verið á fundi íhaldshópsins 18. janúar 2010 að fresta gildistöku reglnanna, öðrum en ákvæðum sem lutu að tilnefningu svonefnds „Political Auditor“, en að starfað yrði í anda regludraganna. Ákærði viðurkenndi að honum hefði átt að vera ljóst hvaða kostnað hann ætti rétt á að fá greiddan frá íhaldshópnum, en ákvæði um það er að finna í regludrögunum.

Ákærði kvaðst ekki hafa haft yfirsýn yfir útgjöld tengd DEMYC, sem hann greiddi með American Express kreditkortinu. Hann kvaðst hafa ætlað að ráðast í fjáröflun vegna DEMYC til að endurgreiða þennan kostnað. Seint á árinu 2010 hefði fyrrnefndur „Political Auditor“, sem starfaði á vegum íhaldshópsins, kallað eftir bókhalda frá honum. Ákærði kvaðst hafa haldið til haga kvittunum vegna kostnaðar sem tengdist íhaldshópnum og hefði hann skráð færslur sem því tilheyrðu í excel-skjal, en þar hefði ekki verið getið um færslur sem voru hópnum óviðkomandi. Hann hefði sent þessi gögn utan til skoðunar, en þau hefðu ekki þótt fullnægjandi. Hefði hann þá fengið bókara til að færa bókhalda. Ákærði kvaðst hafa gert sér grein fyrir því er þarna var komið hversu hárrí fjárhæð úttektir hans af greiðslukortinu námu, vegna kostnaðar sem var íhaldshópnum óviðkomandi. Um þetta leyti hefði formennska í íhaldshópnum verið að flytjast til Finnlands og nýr ritari verið að taka við af honum. Kannaðist ákærði við tölvupóstsamskipti milli sín og nýs ritara, Mariu-Eleni Cowell, 9. og 10. mars 2011 um flutning fjármuna íhaldshópsins yfir á bankareikninga í Finnlandi, þar sem kom fram hjá ákærða að vegna gjaldeyrishafta gæti hann aðeins millifært 400.000 sænskar krónur í einu. Ákærði kvaðst hafa gefið rangar upplýsingar um þetta til að tefja málið.

Ákærði kvaðst eftir þetta hafa farið til New York, m.a. til að komast í samband við fyrrum formann DEMYC til að reyna að fá hann til liðs við sig við fjáröflun fyrir samtökin. Borin voru undir ákærða tölvupóstsamskipti hans og Jónmundar

Guðmarssonar, framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins, frá 24. og 28. mars 2011, á meðan á dvöl hans í New York stóð. Hafði Jónmundur krafið ákærða um skýringar á „gloppum sem finna má í fjárreiðum hópsins“. Í svarbréfi ákærða kemur m.a. eftirfarandi fram: „a) Ég tek fulla ábyrgð á þeim misgjörðum (fjárdráttur) sem vart hefur orðið við í fjármálum íhaldshópsins. Ég er mjög hryggur yfir því hvernig ég hef brugðist því trúnaðartrausti sem þú og aðrir hafa sýnt mér í störfum mínum undanfarin ár, því miður á ég engar málsbætur í þeim efnum. b) Ég átta mig líka á því að gjörðir mínar eru brotlegar við lög, m.a. refsilög og að ég verði verð ég að sæta ábyrgð á gjörðum mínum. Ennfremur geri ég mér fulla grein fyrir því að þetta mál verði fengið til rannsóknar þess til bærra yfirvalda og niðurstaða þeirrar rannsóknar verði mér mjög þungbær. c) Ég mun gera allt sem í mínu valdi stendur til að endurgreiða að öllu leyti þær fjárhæðir sem ég hef tekið ófrjálsri hendi.“ Ákærði kvað Jónmund hafa hringt til sín áður en þessi samskipti áttu sér stað og sagt við hann að það liti út fyrir að peninga vantaði á reikning vegna íhaldshópsins. Hefði málið legið þungt á honum þegar hann ritaði tölvupóstinn. Hann kvaðst ekki hafa endurgreitt fjármunina þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefði greint frá málinu með fréttatilkynningu einum eða tveimur dögum eftir að þessi samskipti áttu sér stað. Hefði honum því fundist brostnar forsendur fyrir því að hann endurgreiddi fjármunina.

Ákærði viðurkenndi að hafa notað kreditkortíð í 321 skipti til úttekta á reiðufé og kaupa á vöru og þjónustu, ótengt starfi sínu fyrir íhaldshópinn, sem í ákæru greinir, og gerði ekki athugasemdir við færslurnar sem þar eru taldar. Að því er varðar færslur í New York 11. til 21. mars 2011 kvaðst ákærði þó hafa notað kortið fyrir mistök. Hann hefði sjálfur átt sams konar kreditkort á þessum tíma og hefði hann notað kort Sjálfstæðisflokksins í misgripum. Vísaði ákærði í því sambandi til tölvupóstsamskipta sinna við Petreu Ingibjörgu Jónsdóttur frá 23. og 24. mars, þar sem Petrea spurðist fyrir um framangreindar færslur, en ákærði svaraði til að hann hefði ruglast á kreditkortí Sjálfstæðisflokksins og nýju AmEx korti sínu og bað hana jafnframt um að senda sér bankaupplýsingar svo að hann gæti millifært það sem úttektunum nam.

Ákærði áréttaði að hann hefði talið sig vera starfsmann Sjálfstæðisflokksins og hefði hann fengið greidd laun frá flokknum, þ.m.t. svokallaðan 13. mánuð, sem greiddur hefði verið út í árslok. Hann hefði verið titlaður alþjóðafulltrúi flokksins og séð um erlend samskipti á hans vegum. Ákærði benti jafnframt á að hann hefði haft skrifstofu í húsnæði flokksins, honum hefði verið afhent nafnspjald og nafn hans verið á lista yfir starfsmenn á heimasíðu flokksins.

Vitnið, Andri Óttarsson, kvaðst hafa verið framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins þar til snemma í apríl 2009. Hann kvað ákærða hafa verið tilnefndan til að gegna starfi ritara íhaldshópsins. Hann hefði ekki verið starfsmaður Sjálfstæðisflokksins, en fengið aðstöðu á skrifstofu flokksins, og gert hefði verið ráð fyrir því að leita mætti til hans um smáviðvik. Kvaðst vitnið ekki telja sig hafa haft boðvald yfir ákærða. Vitnið kvaðst ekki muna eftir því að ákærði hefði fengið kreditkort sem skráð var á Sjálfstæðisflokkinn og ekki haft vitneskju um notkun hans á því korti. Þá hefði aldrei komið til tals að ákærði hefði heimild til að nota fjármuni Sjálfstæðisflokksins eða íhaldshópsins til að leggja út fyrir kostnaði vegna DEMYC. Kvaðst vitnið aldrei hafa samþykkt slíka greiðslu.

Vitnið, Jónmundur Guðmarsson, kvaðst hafa tekið við starfi framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins í júlí 2009. Hann gerði grein fyrir starfsemi flokkahóps íhaldsmanna á Norðurlandáþingi og kvað ákærða m.a. hafa starfað með hópi framkvæmdastjóra flokkanna, staðið að gerð áætlana og tillagna sem lagðar voru fyrir hópinn og annast framkvæmd ákvarðana sem þar voru teknar. Vitnið kvaðst ekki hafa litið á ákærða sem starfsmann Sjálfstæðisflokksins. Hann hefði hins vegar haft aðstöðu á skrifstofu flokksins og aðstoðað þar við ýmis verkefni ef til hans var leitað. Ákærði hefði verið starfsmaður íhaldshópsins og kvaðst vitnið ekki hafa litið svo á að hann hefði haft húsbóndavald gagnvart honum. Sjálfstæðisflokkurinn hefði þó annast launagreiðslur til ákærða, en launakostnaður hans hefði síðan verið dreginn af bankareikningunum sem stofnaðir voru vegna íhaldshópsins.

Vitnið greindi frá því að snemma árs 2011 hefði honum borist símtal frá Finnlandi, frá Mariu-Eleni Cowell sem þá var að taka við ritarastarfinu af ákærða. Hún kvaðst hafa leitað eftir því við ákærða að millifæra fjármuni íhaldshópsins yfir á bankareikninga í Finnlandi, en fengið þau svör hjá honum að vegna gjaldeyrishafta væri ókleift að senda meira en 400.000 sænskar krónur í hvert skipti. Hefði hún beðið vitnið að athuga hvort þetta væri rétt. Vitnið kvaðst hafa fengið yfirlit um stöðuna á bankareikningnum sem um ræddi og hefði komið í ljós að fjármuni vantaði. Þá hefði yfirlitinu ekki borið saman við yfirlit sem ákærði hafði útbúið og fylgt hafði uppgjöri til íhaldshópsins. Hann kvaðst þá hafa aflað yfirlits um notkun American Express kreditkortsins sem ákærði hafði til umráða og séð að eitthvað sérkennilegt var í gangi, m.a. hefði þar verið skráður fjöldi peningaúttekta. Ákærði hefði verið staddur í New York og hefði vitnið sent honum fyrirspurn í tölvupósti sem ákærði hefði svarað, sem að framan er rakið. Í framhaldinu hefði málið verið kært til lögreglu.

Vitnið kvað Sjálfstæðisflokkinn hafa séð um að „hýsa“ fjármuni íhaldshópsins og hafi starfsmaður flokksins millifært fjármuni af bankareikningunum sem stofnaðir voru í þessu skyni til að greiða kostnað sem féll vegna starfsemi hópsins. Kvaðst vitnið ekki hafa litið svo á að ákærði þyrfti samþykki hans til að nota kreditkortid sem um ræðir. Það hefði ekki verið á hans valdi að veita ákærða heimild til að nota fjármuni hópsins til að greiða útgjöld ótengd íhaldshópnum og kvaðst hann ekki hafa vitað að ákærði notaði kreditkortid þannig. Þá hefði Petrea Ingibjörg Jónsdóttir ekkert boðvald haft yfir ákærða.

Drög að reglum flokkahóps íhaldsmanna voru borin undir vitnið og kvað hann með þeim vera fært í letur það sem hefði þekkst og viðgengist, auk nýmæla á borð við skipun „Political Auditor“. Vitnið kvaðst hafa fundað tvisvar á ári með framkvæmdastjórum íhaldsflokkanna, svonefndum „Secretaries Generals“. Borin voru undir vitnið ákvæði reglugerðanna sem lúta að heimildum þess hóps, m.a. til að ráða og reka ritara íhaldshópsins. Þá voru borin undir vitnið ákvæði er lúta að „Secretary General of the party who hosts the secretariat“, sem skuli m.a. samþykkja greiðslu kostnaðar við ritara íhaldshópsins. Vitnið kvaðst hafa kynnt sér regludrögin, en kvað framkvæmdastjórahópin hafa borið ábyrgð á þessum málum í sameiningu.

Vitnið, Petrea Ingibjörg Jónsdóttir, kvaðst hafa starfað sem ritari á skrifstofu Sjálfstæðisflokksins um árabil og m.a. séð um að greiða reikninga sem

þangað bárust. Hún kvaðst hafa greitt reikninga vegna flokksins samkvæmt fyriræmum framkvæmdastjóra hverju sinni. Þá hefði hún greitt reikninga vegna íhaldshópsins samkvæmt fyriræmum ákærða. Hún hefði annast um að stofna tvo gjaldeyrisreikninga og íslenskan reikning vegna flutnings fjármuna íhaldshópsins hingað til lands. Hún hefði millifært fjármuni af þessum reikningum eftir óskum ákærða til að greiða reikninga vegna notkunar kreditkorts, ferðakostnaðar, kostnaðar vegna fundahalda o.s.frv. Vitnið kvaðst ekki hafa skoðað þessa reikninga sérstaklega.

Vitnið kvað það ekki hafa verið á sínu valdsviði að taka ákvarðanir um notkun American Express kreditkortsins sem ákærði fékk til umráða til að greiða fyrir kostnað vegna íhaldshópsins. Þá hefði hún ekki vitað til þess að hann notaði kortið til að greiða útgjöld ótengd hópnum. Henni hafði ekki verið falið að fylgjast með útgjöldum íhaldshópsins og hefði hún talið það vera í verkahring ákærða og annarra sem sátu í hópnum. Þá kvaðst vitnið ekki hafa haft vitneskju um að ákærði hefði breytt bankayfirlitum. Loks kvaðst hún ekki kannast við að ákærði hefði rætt við hana um að stjórnarmenn í DEMYC ættu að greiða kostnað vegna samtakanna.

Þá komu fyrir dóminn sem vitni Inga Hrefna Sveinbjarnardóttir, starfsmaður Sjálfstæðisflokksins, Arngunnur Jónsdóttir bókari og Ólafur Már Ólafsson, endurskoðandi flokksins. Ekki eru efni til að rekja framburð vitnanna.

Niðurstaða

Ákærði neitar sök. Hann viðurkennir að hafa notað kreditkort, sem hann fékk frá Sjálfstæðisflokknum vegna starfs síns sem ritari flokkahóps íhaldsmanna í Norðurlandaráði, í 321 skipti til að greiða útgjöld ótengd hópnum, en hafnar því að notkun kortsins hafi verið án heimildar. Hefur ákærði borið því við að hann hafi verið starfsmaður Sjálfstæðisflokksins og haft heimild yfirmanna sinna til að nota kreditkort með þessum hætti, einkum til að greiða fyrir útgjöld tengd starfsemi samtakanna Democrat Youth Community of Europe, DEMYC, sem ákærði var í forsvari fyrir. Að því er varðar notkun kreditkortsins í New York 11. til 21. mars 2011 kvað ákærði sér þar hafa orðið á mistök. Hann hefði sjálfur átt sams konar kreditkort á þessum tíma og hefði hann notað kort Sjálfstæðisflokksins í misgripum.

Ákærði var ráðinn til starfa af framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins til að gegna stöðu ritara flokkahóps íhaldsmanna. Hann þáði laun frá Sjálfstæðisflokknum, þótt flokkurinn fengi launakostnað endurgreiddan úr sjóðum flokkahópsins. Þá hafði ákærði vinnuástöðu á skrifstofu flokksins og tók að sér verkefni á hans vegum. Hafði hann réttmæta ástæðu til að telja sig starfsmann Sjálfstæðisflokksins, þótt stjórnendur flokksins hafi við meðferð málsins borið að svo hefði ekki verið.

Ákærði hefur haldið því fram að Petrea Ingibjörg Jónsdóttir, starfsmaður Sjálfstæðisflokksins, hafi heimilað honum að nota kreditkort til að greiða útgjöld vegna DEMYC. Petrea starfaði á þessum tíma sem ritari á skrifstofu Sjálfstæðisflokksins, annaðst greiðslu reikninga á skrifstofunni og hafði prókúru vegna bankareikninganna sem stofnaðir voru vegna flokkahópsins. Kvaðst ákærði

hafa dregið ályktun um samþykki Petreu af því að hún hefði greitt kreditkortareikningana athugasemdalaust, auk þess sem þau hefðu rætt þessi mál í óformlegu spjalli. Petrea hefur alfarið hafnað því að hafa rætt nokkuð slíkt við ákærða og er framburður hans þar um bæði óljós og ótrúverðugur að mati dómsins. Hefur Petrea jafnframt hafnað því að hafa með einhverjum hætti heimilað ákærða að nota kortið með þessum hætti, enda bar henni og framkvæmdastjóra flokksins saman um að það hefði ekki verið á hennar valdi að heimila slíkt. Að mati dómsins er augljóst að starfsmaður á skrifstofu flokksins, sem annaðist ritara- og gjaldkerastörf, hafði ekki slíka heimild. Þá verður ekki fallist á það með ákærða að hann hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla að honum væri heimilt að nota kreditkortið með þessum hætti þar sem ekki hefðu verið gerðar athugasemdir við notkun hans á Visa kreditkorti, sem hann hafði einnig til umráða frá flokknum. Er tölvubréf ákærða til Jónmundar Guðmarssonar, framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins, 28. mars 2011, jafnframt til marks um að ákærði hafi ekki staðið í þeirri trú að hann hefði slíka heimild. Samkvæmt framansögðu ber að hafna viðbáru ákærða um að hann hafi haft heimild forsvarsmanna Sjálfstæðisflokksins til að nota kreditkortið til að greiða útgjöld ótengd flokkahópnum. Loks þykir ótrúverðugur framburður ákærða um að hann hafi notað kreditkortið í misgripum í 25 skipti er hann dvaldi í New York í mars 2011. Breyta gögn um tölvupóstsamskipti ákærða og Petreu Ingibjargar Jónsdóttur 23. og 24. mars 2011, engu þar um, enda er fram komið að ákærði endurgreiddi ekki þá fjármuni sem um ræðir, eins og hann lét þar að liggja að hann myndi gera. Er framburði ákærða að þessu leyti því hafnað.

Með vísan til framangreinds telst sannað að ákærði hafi, í heimildarleysi, notað kreditkort Sjálfstæðisflokksins í 321 skipti til úttekta á reiðufé og kaupa á vörum og þjónustu, samtals að fjárhæð 19.412.025 krónur, sem í ákæru greinir. Með háttsemi sinni misnotaði ákærði aðstöðu sína sem handhafi kreditkortsins til að skuldbinda Sjálfstæðisflokkinn og kom því til leiðar að reikningar vegna heimildarlausrar notkunar kortsins voru greiddir af skrifstofu flokksins, en greiðslur fóru fram með millifærslu fjármuna af bankareikningum sem skráðir voru á flokkinn. Leysir það ákærða ekki undan refsíábyrgð þótt eftirlit með notkun hans á kreditkortinu hafi ekki verið sem skyldi. Hefur ákærði gerst sekur um umboðssvik og varðar brot hans við 249. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði er fæddur árið 1982. Hann hefur ekki áður sætt refsingu. Við ákvörðun refsingar ákærða verður til þess litið að brotaandlagið nam umtalsverðri fjárhæð og hefur hann engan reka gert að því að bæta fyrir brot sitt. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði, en rétt þykir að fresta fullnustu 9 mánaða af refsingunni og falli sá hluti hennar niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Af hálfu Sjálfstæðisflokksins er í málinu krafist skaðabóta að fjárhæð 19.412.025 krónur, auk vaxta. Ákærði hefur bakað sér bótaábyrgð vegna þess tjóns sem hlaut af broti hans. Svo sem rakið hefur verið skuldbatt ákærði Sjálfstæðisflokkinn með heimildarlausri notkun kreditkortsins, sem var í eigu flokksins. Þótt fjármunir sem notaðir voru til greiðslu reikninga vegna óheimilla úttekta ákærða hafi komið úr sjóði flokkahóps íhaldsmanna í Norðurlandaráði liggur fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn muni bera það tjón sem hlaut af brotum ákærða. Við flutning málsins fyrir dómi vísaði lögmaður bótakrefjanda jafnframt til

fundargerðar framkvæmdastjóra íhaldsflokkanna frá 11. desember 2012, þar sem fram kemur að Sjálfstæðisflokkurinn muni krefjast bóta í málinu og endurgreiða flokkahópnum fjármuni sem brot ákærða nemur. Samkvæmt framansögðu verður ákærði dæmdur til að greiða Sjálfstæðisflokknum bætur sem krafist er, auk málskostnaðar og vaxta, sem í dómsorði greinir.

Ákærði verður dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðrúnar Sesselju Arnardóttur hrl., vegna vinnu við lögreglurannsókn málsins og meðferð þess fyrir dómi, 1.154.600 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Arnfríður Gígja Arngrímsdóttir saksóknar fulltrúi.

Ragnheiður Harðardóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Heimisson, sæti fangelsi í 12 mánuði, en fresta skal fullnustu 9 mánaða af refsingunni og falli sá hluti hennar niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Sjálfstæðisflokknum 19.412.025 krónur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 20.559, frá 1. janúar 2009 til 1. febrúar 2009, af kr. 193.198, frá þeim degi til 1. mars 2009, af kr. 324.097 frá þeim degi til 1. apríl 2009, af kr. 282.343 frá þeim degi til 1. maí 2009, af kr. 1.847.610 frá þeim degi til 1. júní 2009, af kr. 927.151 frá þeim degi til 1. júlí 2009, af kr. 910.491 frá þeim degi til 1. ágúst 2009, af kr. 783.247 frá þeim degi til 1. september 2009, af kr. 1.394.925 frá þeim degi til 1. október 2009, af kr. 1.277.450 frá þeim degi til 1. nóvember 2009, af kr. 978.577 frá þeim degi til 1. desember 2009, af kr. 590.928 frá þeim degi til 1. janúar 2010, af kr. 580.247 frá þeim degi til 1. febrúar 2010, af kr. 796.748 frá þeim degi til 1. mars 2010, af kr. 1.374.908 frá þeim degi til 1. apríl 2010, af kr. 883.991 frá þeim degi til 1. maí 2010, af kr. 630.000 frá þeim degi til 1. júní 2010, af kr. 993.066 frá þeim degi til 1. júlí 2010, af kr. 643.815 frá þeim degi til 1. ágúst 2010, af kr. 724.140 frá þeim degi til 1. september 2010, af kr. 1.034.829 frá þeim degi til 1. október 2010, af kr. 715.500 frá þeim degi til 1. nóvember 2010, af kr. 681.554 frá þeim degi til 1. desember 2010, af kr. 600.000 frá þeim degi til 1. mars 2011, af kr. 222.651 frá þeim degi til 17. janúar 2013, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001, af kr. 19.412.025 til greiðsludags, auk málskostnaðar, 116.230 krónur.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðrúnar Sesselju Arnardóttur hrl., 1.154.600 krónur.

Ragnheiður Harðardóttir